

L Ö G

53

12. okt.

um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta á Sæbóli í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 20 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Sæbólsþorps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 20 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Sæbólsþorps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmati, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Sléttuhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Sléttuhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

53

12. okt.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Sléttuhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Sæbólsþorps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Sæbóli, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Sæbólslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Sléttuhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhald lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggju-gjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.